

Fundargerð 2. fundar stjórnar Sprotasjóðs

Fundurinn var haldinn, 4. nóv. 2009 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Mættir voru allir stjórnarmenn: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Finnur Friðriksson, Rósa Gunnarsdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 10:30. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1. Verklag við mat á umsóknum:

Formaður stjórnar dreifði stjórnsýslulögum til að hafa til hliðsjónar. Einnig voru lagðar fram reglur um meðferð umsókna. Þær voru ræddar og gerðar á þeim úrbætur (sjá fylgiskjal, meðferð umsókna og gátlisti).

Við þetta má bæta að undir liðnum 3 a) þá var ákveðið að verkefnisstjóri myndi flokka umsóknirnar eftir skólastigum, landshlutum og eftir áherslusviðum. Hann myndi hins vegar ekki dreifa umsóknunum eftir því kerfi til stjórnarmanna heldur myndi hann flokka umsóknir í gildar og ógildar umsóknir. Verkefnisstjóri myndi svo dreifa gildum umsóknum ókerfisbundið til stjórnarmanna.

Rætt var um að fylgja þyrfti ákveðnum viðmiðum við dreifingu styrkja. Viðmið sem hafa þyrfti í huga væru t.d landfræðileg dreifing, skólastig, tegund verkefna, stærð/umfang verkefna, fjöldi samstarfsaðila, skipting milli kynja. Ekki var tekin ákvörðun um það á þessum fundi, hvernig þessi viðmið skyldu vera notuð við mat á umsóknum.

2. Viðmið við mat á umsóknum:

Lögð voru fram drög að gátlista vegna umsókna út frá 6. grein reglugerðar um Sprotasjóð. Einnig var lagt fram dæmi um mat á umsókn. Farið var yfir gátlistann og gerðar eftirfarandi breytingar (sjá viðhengi, meðferð umsókna og gátlisti). Með þessum breytingum er verið að reyna að ná til allra þeirra þátta sem koma fram í reglugerð Sprotasjóðs um mat á umsóknum.

Lagt var til að stigakvarðinn 1-5 (1 lægst, 5 hæst), yrði notaðu en sá kvarði er talinn þægilegri í notkun en mælikvarðinn 1-10.

Ekki var ákveðið neitt nánar um vægi hvers liðar á gátlista en talið var best að það yrði skoðað samhliða því að stjórnin fer yfir umsóknir.

3. Drög að samningi við styrkþega.

Þessi liður var ekki ræddur að þessu sinni. Verður skoðað þegar nær dregur úthlutun í desember.

4. Önnur mál.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að koma upp upplýsingasíðu fyrir Sprotasjóð inn á vef menntamálaráðuneytisins. Ákveðið var að Sigrún, verkefnisstjóri og Rósa Gunnarsdóttir myndu vinna að því ásamt vefsíðuhönnuði ráðuneytisins.

Lögð var fram sú tillaga að fá þá aðila, sem sjá um rafræn umsóknarform fyrir menntamálaráðuneytið, til að fara yfir þau vandamál sem geta komið upp í ferlinu fyrir næstu úthlutun.

Rætt var á fundinum að Sprotasjóður og Þróunarsjóður námsgagna yrðu bornir saman til að betur væri hægt að átta sig á markmiðum þeirra og áherslum. Einnig var rætt að það þyrfti að kynna betur Sprotasjóðinn fyrir þeim aðilum sem í hann geta sótt, t.d hvernig hann er skipaður og hvert hlutverk hans er.

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn mánudaginn, 16. nóv. kl 13:15 og stendur hann fram eftir degi, eða eins lengi og þarf. Fundurinn yrði fyrsti vinnufundur stjórnar við mat á umsóknum (fyrsta umferð).

Fundi var slitið 12:05.